



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

DAGSETNING

TILVÍSUN

12. mars 1991

Til: Menntamálanefndar efri deildar Alþingis
Frá: Fjármálaráðuneytið *[Signature]*

Alþingi

Erindi nr. P/13 1858

komudagur 12/3 1991

Efni: Kostnaðarumsögn um frumvarp til laga um listamannalaun

Samanlögð starfslaun eiga, skv. frumvarpinu, að miðast við 900 mánaðarlaun og síðan eiga að bætast við 60 mánaðarlaun næstu fimm ár. Miða skal við lektorslaun II (525-146-5. þrep) og að viðbættum launatengdum gjöldum (13%) eru þau 91.446 kr. á mánuði á verðlagi í janúar 1991.

Á fjárlögum ársins 1991 eru eftirfarandi liðir á fjárlagalið 982 Listir, framlög undir menntamálaráðuneyti en þeir myndu falla niður yrði frumvarpið að lögum:

| | | |
|------|-----------------------------------|-----------------------|
| 1.10 | Listamannalaun | 8.490 þús. kr. |
| 1.11 | Launasjóður rithöfunda | 24.230 þús. kr. |
| 1.12 | Starfslaun listamanna | 21.810 þús. kr. |
| 1.72 | Starfslaunasjóður myndlistarmanna | <u>1.220 þús. kr.</u> |
| | | 55.750 þús. kr. |

Skv. ákvæðum þessa frumvarps verða þá útgjöld ríkissjóðs með eftirfarandi hætti næstu 6 árin:

| Ár | Fjöldi mán.laun | Fjárhæð | Kostnaður í fjárlögum 1991 | Mismunur, kostnaðarauki |
|------|--------------------|------------------|-------------------------------|----------------------------|
| 1991 | 900 | 82.301 þús. kr. | 55.750 þús. kr. | 26.551 þús. kr. |
| 1992 | 960 | 87.788 þús. kr. | 55.750 þús. kr. | 32.038 þús. kr. |
| 1993 | 1.020 | 93.275 þús. kr. | 55.750 þús. kr. | 37.525 þús. kr. |
| 1994 | 1.080 | 98.762 þús. kr. | 55.750 þús. kr. | 43.012 þús. kr. |
| 1995 | 1.140 | 104.248 þús. kr. | 55.750 þús. kr. | 48.498 þús. kr. |
| 1996 | 1.200 | 109.735 þús. kr. | 55.750 þús. kr. | <u>53.985 þús. kr.</u> |
| | | | | 241.609 þús. kr. |

Hér hefur ekki verið tekið tillit til kostnaðar vegna þriggja manna stjórnar listamannalauna sem kveðið er á um í 3. grein frumvarpsins en ekki er ljóst hver kostnaður af hennar starfi gæti orðið. Starfandi er nefnd sem kosin er af Alþingi og sem úthlutar listamannalaunum (viðfangsefni 02-982-1.10, sbr. að ofan) en sú nefnd yrði væntanlega lögð niður þegar þriggja manna stjórn listamannalauna tæki til starfa.

Ekki er heldur tekið tillit til ákvæða 11. greinar þar sem segir að stjórn listamannalauna skuli vinna að því að sveitarfélög og fyrirtæki veiti listamönnum starfslaun eða leggi fram fé í Listasjóð. Ógerningur er að gera sér grein fyrir um hve háar fjárhæðir gæti verið að ræða og hvort það myndi á einhvern hátt draga úr útgjöldum ríkissjóðs.

F.h.r.

[Signature]

Afrit: Fjármálaráðherra

PÓSTFANG
150 REYKJAVÍK

AÐSETUR
ARNARHVOLI

SÍMI
(91) 60 92 00

TELEFAX
(91) 2 82 80
TELEX
2092 ISCOM IS

NAFNÚMÉR
2343-0126

KENNITALA
550169-2829